

Mánudaginn 17. nóvember 1969.

Nr. 163/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Hreiðari Svavarssyni

(Jón Bjarnason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Brot gegn áfengislögum, lögum um veitingasölu og lögum um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Uptaka eigna.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsivist ákærða ákveðst fangelsi 30 daga og frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hreiðar Svavarsson, sæti fangelsi 30 daga og kr. 60.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi 60 daga í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1969.

Ár 1969, föstudaginn 4. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 272/1969: Ákærvaldið gegn Hreiðari Svavarssyni, sem dómtekið var 23. f. m.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri 12. maí s.l., gegn Hreiðari Svavarssyni framreiðslumanni, Borgartúni 21 hér í borg, „fyrir að hafa frá ársbyrjun 1968 fram til 24. apríl 1969 gert sér að atvinnu sölu og veitingar áfengis að Borgartúni 21 í Reykjavík, í húsakynnum, sem ákærði tók á leigu og lét innrétta í því skyni, og rekið þar á framangreindu tímabili dag hvern frá kl. 1500 til miðnættis, laugardaga og sunnudaga þó frá kl. 1400, án leyfis lögreglustjóra umfangsmikla veitingastarfsemi í atvinnuskyni undir nafninu Ásaklúbburinn, þar sem ákærði seldi og lét selja áfengi til neyzlu á staðnum, hvern áfengisskammt (2.6 cl.) á kr. 35.00—50.00 eftir tegundum, en að jafnaði voru gestir, sem áfengi keyptu, um 40 á virkum dögum, en allt að 80 um helgar. Með sama hætti og samhliða voru seldir gosdrykkir á kr. 20.00—25.00 hver flaska, brauðsneiðar á kr. 40.00—75.00 hver sneið, vindlingar á kr. 50.00 hver pakki o. fl. Auk þess voru gestir ýmist krafðir greiðslu stofngjalds, kr. 2.000.00, og þá til viðbótar mánaðargjalds, kr. 100.00 fyrir hvern mánuð, eða mán-aðargjalds, kr. 250.00 hvern mánuð, svo og innngöngu- eða fata-gjalds, kr. 50.00 hvert sinn.

Eftir 1. marz 1969 rekið framangreinda starfsemi einnig að nóttu til, þá undir nafninu Playboyklúbburinn, fjórar nætur í viku frá aðfaranótt föstudags til aðfaranætur mánudags og oftár samhliða frídögum og helgidögum, þ. á m. skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan páskadag 3.—7. apríl og allar nætur þessara helgidaga svo og aðfaranótt þriðjudagsins 8. apríl, á hverri nóttu frá miðnætti fram til kl. 0600 að morgni, með sama hætti og áður greinir að öðru leyti en því, að ákærði seldi á skrifstofu í sömu húsakynnum eða lét selja gestum merki, mis-jöfn að gerð og verðgildi, sem síðan við framvísun gesta á vín-bar og í veitingasölum giltu sem greiðslur fyrir áfengi og áður-greindar veitingar, en við veitingastarfsemina störfuðu þá á vegum ákærða fjórir dyraverðir (2 hverju sinni), einn til tveir menn við sölu áðurgreindra afgreiðslumerkja, tvær stúlkur í fatageymslu, ein til tvær í eldhúsi, þrjár við framreiðslu í veit-

ingasölum og tvær við afgreiðslu á vínbar auk söngkonu og hljómsveitar þriggja manna, sem lék fyrir dansi milli kl. 0100 og 0500. Að nóttu til var fjöldi gesta, sem áfengi keyptu með framangreindum hætti, allt að 200 samtímis innan dyra, en á hverri nóttu sóttu staðinn allt að 30 gestum.

Framangreind veitingastarfsemi, sem að meginhluta var áfengissala, var eina atvinna ákærða á tímabilinu. Húsaleigugreiðslur vegna starfseminnar, greiddar af ágóða hennar, voru allt að kr. 30.000.00 á mánuði, en eftir 1. marz allt að kr. 80.000.00 á mánuði, en þær runnu að verulegum hluta til ákærða.

Brot ákærða varða við 18. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 20. gr. og 43. gr. sömu laga, 1. mgr. 3. gr., sbr. 27. gr. laga um veitingasölu, gististaðahald o. fl. nr. 53/1963, auglýsingar um slit á skemmtunum og samkomum nr. 11 og nr. 17/1948, sbr. 1. gr. laga um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma nr. 120/1947 og 7. gr., sbr. 3. gr., sbr. 8. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar nr. 45/1926, sbr. einnig 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um sölu og veitingar áfengis nr. 118/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og auk þess til að sæta upptöku, *annars vegar* á áfengi því, sem ákærði hafði útvegað sér til framangreindrar áframhaldandi áfengissölu og lagt var hald á við húsleit í húsa-kynnum ákærða aðfaranótt fimmtudagsins 3. apríl 1969 og aðfaranótt fimmtudagsins 24. apríl 1969, samtals á 77 flöskum ýmissa tegunda, þar af 19 áteknum, skjölum, reikningum, afgreiðslumerkjum og öðrum gögnum, þ. á m. rennslistöppum og vínmælum viðvíkjandi veitingastarfseminni og sem ákærði hafði notað við hana, allt samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og *hins vegar* ávinnings af framangreindri áfengissölu og veitingastarfsemi samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. sömu laga“.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. desember 1943 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi: „1958 2/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 200 kr. sekt fyrir akstur án réttinda.

1962 15/1 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt, umferðarlagabrot, skaðabætur 500 + 260 kr.

1962 15/2 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1962 4/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarslys.

1962 10/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

- 1963 18/1 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ökuhraða.
 1963 25/2 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ökuhraða.
 1963 30/4 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
 1963 23/8 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
 1963 24/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
 1964 9/6 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarslys.
 1964 10/11 í Reykjavík: Sátt, 450 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
 1965 25/3 í Reykjavík: Dómur: 4.000 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði.
 1966 26/1 í Reykjavík: Sátt, 1.400 kr. sekt fyrir brot á 49., 50. og 51. gr. umferðarlaga.
 1966 10/8 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. og 10. gr. lögreglusamþykktar.
 1966 12/12 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26., 37., 41., 48., 49. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 21/3 1967).
 1967 18/1 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
 1967 19/6 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
 1967 9/10 í Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.
 1968 14/3 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.
 1968 9/9 í Reykjavík: Sátt, 23.000 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga“.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, eru málavextir þessir:

I. Starfsemi Ásaklúbbsins.

Í ársbyrjun 1968 tók ákærði á leigu óinnréttað húsnæði hjá Sendibílastöðinni á efri hæð hússins Borgartúni 21 hér í borg og hóf að láta innrétta það. Lauk því verki í apríl á s.l. ári. Framleigði ákærði síðan húsnæði þetta svonefndum Ásaklúbbsi fyrir um kr. 30.000.00 á mánuði, en klúbbur með því nafni hafði áður verið til, og var verið að endurvekja hann.

Ákærði hefur upplýst, að kjörin hafi verið 3ja manna stjórn klúbbsins í ársbyrjun 1968 og sé Bjarni Bjarnason héraðsdómslögmaður, Túngötu 16 hér í borg, formaður félagsstjórnar, en

hann sjálfur meðstjórnandi. Ákærði hefur neitað að upplýsa nafn 3ja stjórnarmannsins, og Bjarni neitaði fyrir dóminum að upplýsa, hversu margir og hverjir væru með honum í stjórn.

Ásaklúbburinn hóf síðan starfsemi sína í apríl 1968, og kveðst ákærði vera klúbbstjóri.

Samkvæmt frásögn ákærða fyrir dóminum er tilgangur klúbbsins sá, að félagar geti á eigin félagsheimili komið saman, spilað, teflt og horft á sjónvarp.

Sérstök umsóknareyðublöð liggja frammi, og er haldin spjaldskrá yfir meðlimi. Meðlimir geta orðið menn 21 árs, fjár síns ráðandi og með nokkurn veginn óflekkað mannorð. Þegar meðlimur hefur verið samþykktur, fær hann félagsskírteini og lykil. Hann þarf auk þess að greiða kr. 2.000.00 í stofngjald og árgjald kr. 1.200.00. Meðlimir eru taldir um 400.

Helztu eignir klúbbsins telur ákærði innréttingar og borðbúnað, en sjálfur kveðst hann eiga teppi og húsgögn og framleigja klúbbnum það svo og nokkur spil og töfl, en flest þeirra eigi klúbburinn. Auk fyrirtædra mua segir ákærði, að til séu í húsakynnum klúbbsins bækur, útvarp, sjónvarp, tennisborð og fót-boltaspil.

Starfstími klúbbsins er frá kl. 1500 til 2400 nema laugardaga og sunnudaga, en þá er opnað kl. 1400.

Engu skattframtali var skilað fyrir starfsemi ársins 1968. Ákærði taldi sig færa sjóðbók og sagði, að bókhald væri til, en ekki hefur hann fengizt til að láta það af hendi, og ekki hefur það fundizt við leit í húsakynnum klúbbsins.

Helztu útgjöld hafa verið vegna innréttinga, ræstingar, ljóss, hita og síma. Þá sagði ákærði, að framreiðslustúlkur væru á launum, og sjálfur kveðst hann hafa haft kr. 180.000.00 í laun frá 1. apríl 1968 til ársloka það ár, en ekki hafði ákærði aðra atvinnu en rekstur Ásaklúbbsins og síðar Playboyklúbbsins.

Engra leyfa aflaði ákærði til starfseminnar og taldi þess ekki þurfa.

Ákærði telur aðsókn að klúbbnum jafna og segir, að 40 manns komi á virkum dögum, en um 80 manns um helgar.

Í húsakynnum klúbbsins eru á boðstólum veitingar, svo sem kaffi, gosdrykkir, öl, tóbak og áfengi. Ekki vildi ákærði í fyrstu upplýsa verðlag veitinga, en eftir að honum höfðu verið kynntir framburðir þeirra starfsmanna, meðlima og gesta, sem raktir verða hér á eftir, taldi hann þar rétt frá skýrt, að því er það snerti.

Þá upplýsti ákærði, að í húsakynnum klúbbsins færi stundum fram spilakeppni, taflkeppni og félagsvist.

Verða nú raktir framburðir þeirra starfsmanna og meðlima klúbbsins, sem komið hafa fyrir dóminn.

Hermann Svavarsson, dyravörður í Ásaklúbbnum, Álftröð 3 í Kópavogi, hefur unnið í Ásaklúbbnum frá byrjun, þ. e. í apríl 1968. Starf hans er fólgið í dyravörzlu, hann hleypir inn meðlimum og lætur menn skrá sig. Hann tekur á móti gjaldi aukafélaga og tekur við yfirhöfnum manna. Fatageymsla kostar ekkert. Að öðru leyti er hann til eftirlits með framkomu meðlima og gesta. Hann hefur rúmlega kr. 15.000 í laun á mánuði. Gestafjöldi er mismunandi, sennilega nokkrir tugir á degi hverjum. Hermann sér um innkaup að okkru, helzt í sambandi við brauð, kaffi og álegg og stundum tóbak og mjólk. Ákærði sér sjálfur um innkaup áfengis og tóbaks. Menn spila í Ásaklúbbnum bridge og casion, stundum upp á peninga. Verðlag á veitingum er þannig: molakaffi kr. 15.00, brauðsneiðar kr. 25.00—50.00, gosdrykkir kr. 25.00 hver flaska, vindlingapakkar á kr. 45.00—50.00. Einfaldur whiskysjúss kostar kr. 50.00 og tvöfaldur með gosdrykk kr. 125.00.

Erla Björk Steinþórsdóttir, starfsstúlka í Ásaklúbbnum, Langholtsvegi 7 hér í borg, hefur starfað í Ásaklúbbnum frá 15. ágúst 1968. Hún vinnur tvo daga í einu og á frí næstu tvo daga. Starfstíminn er frá kl. 1500 alla daga nema laugardaga og sunnudaga, þá frá kl. 1400 og til miðnættis. Launin eru tæp 11 þús. á mánuði, og greiðir ákærði hennni þau.

Aðalstarfið er fólgið í því að afgreiða við barinn og auk þess að hita kaffi og smyrja brauð og ryksuga einu sinni í viku. Mismargt er í Ásaklúbbnum, stundum margt, t. d. um helgar, og þá eru þær tvær að afgreiða. Molakaffi kostar kr. 15.00, brauðsneiðar kr. 50.00, vindlingar (Viceroy og Camel) kr. 50.00 pakkinn, pilsner og gosdrykkir kr. 25.00 flaskan og vinsjúss kr. 35.00 til kr. 50.00 eftir tegundum. Auk þess eru seldir smávindlar í pökkum eða stakir. Hún kvaðst afgreiða allar fyrirtaldar vörur, án þess að nokkuð af söluverðinu renni til hennar. Hún er á sama kaupi, hvort sem um litla eða mikla sölu er að ræða. Hún telur, að meiri hluti þeirra, sem komi í klúbbinn, neyti áfengis þar.

Hrafnhildur Halldórsdóttir, starfsstúlka í Ásaklúbbnum, Skúlagötu 58 hér í borg, byrjaði að vinna í Ásaklúbbnum 1. júlí f. á., og vann hún daglega þar, þangað til Erla Björk byrjaði að vinna. Nú vinnur hún tvo daga í röð og á frí næstu tvo. Launin eru

um kr. 10.000.00 á mánuði, og fær hún engar prósentur af sölu. Hún segir að Ásaklúbburinn sé opinn frá kl. 1400 á laugardögum og sunnudögum, en kl. 1500 aðra daga og til miðnættis og eigi meðlimir og gestir að vera komnir út fyrir kl. 0100. Hún telur starfseminna hafa byrjað 4. apríl 1968. Annað starfsfólk er klúbbstjóri, dyravörður og ræstingakona. Starfið er fólgið í framreiðslu og að smyrja brauð og hita kaffi. Verðlagi á veitingum lýsir hún á sama hátt og Hermann og Erla Björk. Mismargt er í klúbbnum, stundum um 10 manns, en um 50, þegar flest er. Hrafnhildur telur meiri hluta þeirra, sem koma í Ásaklúbbinn, hafa áfengi um hönd þar og margir spili og tefli.

Halldóra María Nielsdóttir, starfstúlka í Ásaklúbbnum, Meistaravöllum 9 hér í borg, byrjaði að starfa í eldhúsinu í Ásaklúbbnum þegar í apríl 1968. Vann hún frá því opnað var til kl. 1800 alla daga nema sunnudaga. Smurði hún brauð og þvoði upp. Um áramótin breyttist þetta á þann hátt, að hún vinnur á barnum laugardaga og sunnudaga frá kl. 1400 til 2400. Starfið er fólgið í því að afgreiða við barinn, hreinsa til á borðum og raða stólum. Afgreitt er vín, gosdrykkir, kaffi, brauð og tóbak. Verðlagi á veitingum lýsir hún á svipaðan hátt og annað starfsfólk klúbbsins. Aðsókn að Ásaklúbbnum segir hún mesta á milli kl. 1500 og 1900 og svo á milli kl. 2100 og 2300. Hún áætlaði jafnvel um 300 manns. Meiri hluti þeirra, sem koma, hafa vín um hönd í Ásaklúbbnum, vín sem þeir hafa keypt þar, en mjög fátítt er, að vandræði verði á staðnum vegna ölvunar. Mest spila menn bridge eða casion.

Bjarni Bjarnason héraðsdómslögmaður, Túngötu 16 hér í borg, segist vera formaður félagsstjórnar Ásaklúbbsins. Hann neitaði að gefa upp fjölda þeirra, sem í stjórn eru eða nöfn þeirra. Tilgangurinn með starfseminni er að hittast og eyða tímanum við ýmsar dægradvalir, t. d. horfa á sjónvarp, hlusta á útvarp, spila, tefla o. fl. Hann kvaðst hafa spilað bridge upp á peninga í Ásaklúbbnum, en kvaðst hafa oftár tapað en grætt. Hann var spurður um það, hvort menn greiddu sérstaklega fyrir það að spila bridge upp á peninga í klúbbnum, og svaraði hann því neitandi. Með árgjaldinu greiddu menn fyrir aðstöðu og afnot, t. d. spilanna, spilaborða og annars, sem á boðstólum er. Hann sagði, að Ásaklúbburinn greiddi engin opinber gjöld. Hann sagðist ekki vita um neinar eignir klúbbsins og vísaði á ákærða í því efni. .

Gunnar Ólafur Kvaran bankastarfsmaður, Hraunbæ 92 hér í borg, er meðlimur nr. 22. Hann greiddi stofngjald, kr. 2.000.00,

og síðan árgjald, kr. 100.00 á mánuði. Eingöngu er um karla-klúbb að ræða, og spila menn þar, tefla og leika borðtennis, og auk þess eru í klúbbnum útvarp og sjónvarp. Sjálfur leikur hann borðtennis. Ekki kvaðst hann vita um neina keppni eða fjárhættuspil í Ásaklúbbnum. Hann sagðist hafa keypt brauðsneiðar á kr. 35.00 og vindlinga á 40—50 kr. þakkann. Hann kvaðst hafa neytt áfengis í húsakynnum klúbbsins.

Egill Bachmann Hafliðason skreytingamaður, Meistaravöllum 21 hér í borg, er meðlimur nr. 74. Hann segir, að Ásaklúbburinn sé opinn frá miðjum degi til miðnætis, og er Egill oftast á staðnum fram til kl. 1800. Tilgangurinn með klúbbnum er sá, að félagar geti komið saman og rabbað og fengið veitingar. Egill spilar lítið sjálfur, en nokkuð er spilað á spil, og hefur hann heyrt menn tala um 1 kr. á punktinn. Hann hefur neytt áfengis í klúbbnum og telur, að 10—15 séu í klúbbnum á þeim tíma, sem hann er þar. Verðlagi á veitingum lýsir hann á svipaðan hátt og áður er fram komið í framburðum starfsfólksins.

Sigurður Guðnason bókbindari, Snorrabraut 35 hér í borg, er meðlimur nr. 122. Hann greiddi kr. 2.000.00 í stofngjald og kr. 100.00 á mánuði árið 1968. Misjafnlega margt fólk er á staðnum, stundum 10 manns, stundum miklu fleiri, og þá helzt um helgar. Mest spila menn, en einnig sitja menn og rabba yfir glasi eða horfa á sjónvarp. Sigurður spilar lítið bridge, og hefur hann ekki gert það í Ásaklúbbnum. Hann spilar casion, og þegar hún er spiluð, er spilað upp á peninga, oft 1 kr. á punktinn, stundum þó 3 kr. eða 5 kr. á punktinn. Hann segir, að í spilamennskunni skiptist á tap og gróði, t. d. hafi hann tapað kr. 50—300 á kvöldi, en unnið annað eins á öðru kvöldi. Hann segir, að enginn hvetji meðlimi til þess að spila casion, en félagar slái sér saman við borð að sjálfsdáðum. Verðlagi á veitingum lýsir hann á svipaðan hátt og áður er fram komið, að því er hann getur um það borið.

Garðar Óskar Pálmason málari, Lönguhlíð 21 hér í borg, er meðlimur nr. 221 og hefur verið í Ásaklúbbnum frá s.l. áramótum. Meðlimagjald er kr. 2.000.00 og auk þess annað gjald, sem svarar kr. 100.00 á mánuði. Meðlimir fá lykil og félagsskírteini svo og afnot af húsnæði klúbbsins eftir vild. Þar er mest spilað og rabbað. Hægt er að fá veitingar framreiddar, mat, gosdrykki, áfengi, tóbak. Hann kveðst hafa keypt og neytt áfengis í klúbbnum. Hann telur fjölda þeirra, sem klúbbinn sækja, um 50—60 á dag, þegar mest er, þó talsvert meira um helgar.

Guðmundur Svavar Guðmundsson verzlunarmaður, Hausthús-

um á Stökkseyri, er meðlimur í Ásaklúbbnum frá því í maí 1968. Hann greiddi stofngjald, kr. 2.000.00, og kr. 100.00 á mánuði. Hann kemur um það bil einu sinni í viku í klúbbinn. Hann kemur þangað helst til þess að spila bridge, en mest er spilað casion og póker lítills háttar. Hann kveðst stundum kaupa sér veitingar við barborðið. Hefur hann keypt vín, kaffi og brauð. Whiskyglas kostar kr. 100.00 og sódavatn kr. 25.00. Hann segir meiri hluta þeirra, sem á staðinn koma, hafa vín um hönd. Kaupa þeir það við barinn og neyta þess á staðnum. Guðmundur spilar bridge upp á kr. 25—50 punktinn, og er almennt spilað upp á þá fjárhæð. Hann spilar ekki casion, en oftast er spilað upp á kr. 5.00 í því spili, en stundum kr. 10.00. Engan hagnað telur hann sig hafa haft af spilamennskunni, yfirleitt skiptist á tap og gróði.

Verður nú látið staðar numið að lýsa starfsemi Ásaklúbbsins, enda bæði samkvæmt framburði ákærða sjálfs og annarra ljóst, með hverjum hætti hún er.

II. Starfsemi Playboyklúbbsins.

Ákærði hefur skýrt frá því, að nokkrir kunningjar sínir hafi farið þess á leit við sig að hefja starfsemi næturklúbbs. Var haldinn stofnfundur að sögn ákærða, en Bjarni Bjarnason héraðsdómslögmaður, Túngötu 16 hér í borg, hefur talið, að um hringborðsráðstefnu hafi verið að ræða, en ekki er ljóst, hversu margir komu saman greint sinn, nefnir Bjarni ca. 9, ákærði „einir 16“, Steindór Gíslason, Bólstaðarhlíð 3 hér í borg, „einir 15“. Á fundi þessum var engin stjórn kosin, en ákærða falið að sjá um framkvæmdaratriði málsins og stjórna starfseminni. Engin leyfi voru fengin til rekstrar klúbbsins.

Hófst starfsemi klúbbsins, sem hlaut nafnið Playboyklúbburinn, aðfaranótt 1. marz s.l. Var síðan opið fjórar nætur í viku hverri, frá aðfaranótt föstudags til aðfaranætur mánudags fram til og með aðfaranótt 24. apríl s.l., en þá nótt var gerð húsleit í húsakynnum klúbbsins og ákærði handtekinn og færður fyrst í gæzlu, en úrskurðaður í allt að 7 daga gæzluvarðhald næsta dag. Hann var látinn laus eftir tæpra 6 daga setu í gæzluvarðhaldi. Klúbburinn skyldi einnig opin oftast, ef helgi- og frídagar komu inn í.

Playboyklúbburinn opnaði á næturnar kl. 0030—0100 og hafði opið til kl. 0500—0530 á morgnana.

Meðlimir klúmmsins eru taldir um 400 og skilyrði fyrir innngöngu svipuð og í Ásaklúbbnum. Hver meðlimur má taka með

sér 2—3 gesti, enda séu þeir ekki yngri en 21 árs. Meðlimagjald er kr. 200.00 fyrir mættan mánuð.

Ákærði réð aðallega sjálfur starfsfólk til starfa í klúbbnum, þ. á m. hljómsveit þriggja manna og söngkonu. Einnig sá hann um öll innkaup að mestu sjálfur, þ. á m. áfengi, vikulega fyrir um kr. 30.000.00.

Í klúbbnum voru á boðstólum sömu veitingar og í Ásaklúbbnum, en í stað peningagreiðslu við móttöku veitinga var notað miðakerfi. Voru miðarnir með spilamerkjum. Spaðamiði kostaði kr. 100.00, hjartamiði kostaði kr. 75.00, tígulmiði kr. 50.00 og laufamiði kr. 25.00. Gegn framvísun miðanna voru veitingarnar síðan afhentar. Var verðlag svipað og í Ásaklúbbnum. Meiri hluti þeirra, sem í klúbbinn komu, neyttu þar vins, sem þeir fengu framreitt við barinn.

Ákærði áleit, að þegar mest væri, væru um 180 manns í húsinu, en hugsanlega um 300 manns yfir eina nótt.

Laun ákærða hjá klúbbnum eru að hans sögn þannig ákveðin, að hann má skammta sér góð laun, ef vel gengur, en tekur áhættuna, ef illa gengur. Starfsfólkið er flest á tímakaupi og nýtur ekki hagnaðar af mikilli sölu.

Ákærði fær í húsaleigu hjá Playboyklúbbnum um kr. 50.000.00 á mánuði fyrir afnot húsnæðis og húsbúnaðar.

Um páskahátíðina var að sögn ákærða opið alla daga nema aðfaranótt föstudagsins langa.

Verða nú raktir framburðir starfsmanna, meðlima og gesta um starfsemi Playboyklúbbsins.

Sigmar Björnsson, fyrrverandi bankastarfsmaður, Barmahlíð 20 hér í borg, er meðlimur nr. 2 í Playboyklúbbnum og nr. 123 í Ásaklúbbnum. Hann hefur þó ekki greitt nein gjöld sem meðlimur Ásaklúbbsins, en verið boðið af ákærða að vera meðlimur ókeypis. Hann hefur greitt kr. 200.00 í mánaðargjald sem meðlimur Playboyklúbbsins og er jafnframt starfsmaður hans. Starf hans er að taka við mánaðargjöldum, selja miða, gera upp afhenta miða og peninga, gera upp ásamt ákærða það, sem barnum var afhent, og það, sem eftir er þar að loknu starfi á nóttunni. Auk þess fylgist hann með mætingum starfsfólks og greiðir því laun. Hann hefur tímakaup, um kr. 150.00 á tímann. Vinnutími hans er frá 2400—0700 fjórar nætur í viku, þ. e. aðfaranætur föstu-, laugar-, sunnu- og mánudaga. Annað starfsfólk er dyravörður og tveir aðstoðarmenn til skiptis, tvær stúlkur í fata-geymslu til skiptis, ein til tvær í eldhúsi, þrjár, sem ganga um

beina úti í sölonum, og tvær við barinn. Laun fólksins eru yfirleitt tímakaup, kr. 125.00 eða 150.00 á tímann. Sigmar kvaðst ekki vita um stjórn klúbbsins, og telur hann ákærða vera framkvæmdastjóra eða klúbbstjóra. Auk tímakaups á starfsfólkið rétt á að fá brauð og gosdrykki í vinnutímanum. Ákærði hefur séð um ráðningu starfsmanna. Almennt er opið frá kl. 2400—0600. Sigmar segir, að það, sem gerist í Playboyklúbbnum, sé mjög líkt og á hverjum öðrum vínveitingastað. Meiri hluti þeirra, sem í klúbbnum dveljast, neytir þar áfengis, sem keypt er á staðnum, þó þannig, að keyptir eru miðar, sem síðan er framvísað við barinn. Verði þeirra og gerð lýsir hann á sama hátt og ákærði. Hver miði táknar vöruúttekt fyrir þá upphæð, sem hann var keyptur fyrir, t. d. fæst gosdrykkjaflaske fyrir einn laufamiða, en fyrir tvo laufamiða fæst einfaldur sjúss af hvaða vintegund sem er eins og fyrir einn tígulmiða. Öll innkaup á vörum eru í höndum ákærða eða Hermanns Svavarssonar. Þegar flest er í húsinu á skemmtunum klúbbsins, eru hugsanlega um 200 manns þar. Er þetta eina starf Sigmars í marz.

Hermann Svavarsson dyravörður hefur meðlimakort nr. 14 í Playboyklúbbnum. Hann greiðir ekkert meðlimagjald. Hann segir, að hugmyndin að stofnun klúbbsins hafi orðið til hjá sér og ákærða. Hermann er dyravörður og umsjónarmaður í Playboyklúbbnum. Hann vinnur oftast tvær nætur í viku. Klúbburinn opnar kl. 0030 og hefur opið til kl. 0500 eða 0530 á laugar- og sunnudögum. Fólk getur komið inn á greindum tíma, og hljómsveit leikur á sama tíma. Sölu á miðum, sem eru ávísun á veitingar á barnum, er hætt $\frac{1}{2}$ stundu fyrir lokun. Stundum eru 100—150 manns í húsinu í einu, og er þá alveg fullt, en á einni nóttu koma 200—250 manns. Meiri hluti þessa fólks hefur áfengi um hönd í klúbbnum og neytir þess þar. Þetta áfengi fær það afhent við barinn eftir að hafa keypt sér miða á skrifstofunni. Laun Hermanns eru kr. 150.00 á klst. og einhver matur, brauð og gosdrykkir á vinnutímabilinu. Hermann telur það, sem afgangs er, þegar Ásaklúbburinn hættir, og er það sett inn á lager Ásaklúbbsins. Síðan telur hann inn á barinn það, sem áætlað er að seljist, meðan opið er í Playboyklúbbnum. Í því sambandi talar hann um 12—15 víNFLöskur, þar af 3—4 af Vodka og 3—4 af whisky, en um 7 tegundir eru á boðstólum. Auk þessa 8—10 kassa af gosdrykkjum, nokkrar lengjur vindlinga svo og smávindlapakka. Stundum nægir þetta, en stundum þarf að bæta

við. Hann telur síðan út í lokin og flytur afganga inn á lager Playboyklúbbsins. Hermann staðfestir verð það, sem áður greinir á miðum þeim, sem seldir eru á skrifstofunni. Hann staðfestir það, að fyrst þurfi að kaupa greinda spilamiða, áður en fólk fái veitingar framreiddar. Hann segir, að Sigmar Björnsson vinni nánast eingöngu á skrifstofunni við sölu á spilamiðum. Mest mun vera um sölu fyrri hluta nætur. Eru þá stundum nokkrir í einu að kaupa. Hermann segist einu sinni hafa hlaupið í skarðið fyrir Sigmar og selt stutta stund. Hermann sér um innkaup á gosdrykkjum og stundum á tóbaki. Eru gosdrykkir pantaðir vikulega, um 20 kassar af Coca-Cola og svo ýmsar tegundir frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar. Af tóbaki er pantað fyrir kr. 12—15 þúsund í hvert sinn á viku til 10 daga fresti. Þessar vörur fást á heildsöluverði.

Steindór Gíslason, aðstoðarmaður við efnarannsóknir, Bólstaðarhlíð 3 hér í borg, er kunningi Hermanns Svavarssonar og hefur leyst hann af sem dyravörð, fyrst í Ásaklúbbnum og síðar í Playboyklúbbnum. Hefur hann gert það í 1½—2 mánuði, oftast eitt kvöld í viku eða eina nótt, en stundum tvær nætur. Hann má taka út vín, tóbak, gosdrykki og brauð, en hugsanlega fær hann einhverja beina greiðslu frá klúbbnum síðar. Starf hans er fólgið í dyravörzlu og að láta gesti skrá sig. Hann hefur eftirlit með fólki innan hússins, og auk þess telur hann inn á barinn í upphafi nætur. Oft eru settar þangað 14 vínflöskur, 6—7 vintegundir, 7—8 gosdrykkjakassar, þrjár lengjur af vindlingum og 20 vindlapakkar, 5 stk. í hverjum. Stundum hefur komið fyrir, að bæta hafi þurft við, en afgangar eru teknir og geymdir til næstu nætur. Meiri hluti gesta kaupir áfengi (þó miðakerfi) og neytir þess á staðnum. Ofurölvun er þó ekki til að dreifa, heldur skemmtir fólk sér eins og á hverjum öðrum vínveitingastað við dans og drykkju. Hann segir ákærða sjá um vínkaup. Opið er í Playboyklúbbnum fjórar nætur í viku hverri frá kl. 2400 eða 0100 til 0500, en þá er hætt að selja, og hljómsveitin hættir leik sínum. Rúmlega 100 komast fyrir í einu í húsinu, en fólk er að koma og fara, og geta því verið um 200 gestir á nóttu. Fátítt er, að fólk spili á spil í Playboyklúbbnum. Steindór er meðlimur nr. 10 í Playboyklúbbnum. Hann hefur líka sama númer í Ásaklúbbnum. Hann segir, að þeir hafi einir 15 komið saman og ákveðið að stofna næturlúbb, þar sem aðrir slíkir tóku ekki við fleiri meðlimum. Ákærða var falið að sjá um framkvæmd þessa í

húsakynnum Ásaklúbbsins og að stýra starfseminni. Nánast er ákærði formaður, Bjarni Bjarnason ritari og hinir 13 meðstjórnendur.

Hjördís Emma Morthens húsmóðir, Ferjubakka 14 hér í borg, segist hafa verið ráðin til starfa í Playboyklúbbnum af ákærða. Hún hefur ekki ákveðinn vinnutíma, heldur eftir því sem þarf og samrýmist starfi hennar sem framreiðslustúlku í Klúbbnum að Lækjarteigi 2. Hún vinnur í Playboyklúbbnum á hinum ýmsu nóttum, sem hann er opinn á, frá kl. 2200, 2300, 2400 eða 0100 og mismunandi lengi, til kl. 0400, 0500 eða 0600. Launin eru kr. 150.00 á klst. Hún vinnur mismunandi margar nætur í viku hverri í Playboyklúbbnum, stundum 2 nætur, stundum fjórar. Er það í hennar verkahring að sækja hrein glös og smurt brauð í eldhúsið, en aðalstarfið er fólgið í afgreiðslu við barinn. Fólkið framvísar miðum með spilamerkjum á. Hún afgreiðir áfengi, einar sjö tegundir af því, öll þau kvöld, sem hún vinnur í klúbbnum. Fólkið neytir þess á staðnum, og yfirleitt fer þarna fram skemmtun eins og í hverju öðru vínveitingahúsi, fólk dansar, situr yfir vínglasi og rabbar saman. Meiri hluti gestanna hefur vín um hönd. Aðsókn er mest milli kl. 0200—0300, en fer fækkandi upp úr því, en mest fækkar upp úr kl. 0400. Erfitt er að áætla fjölda þeirra, sem koma í Playboyklúbbinn, en líklega koma yfir 100 manns á nóttu.

Sirry Hulda Jóhannsdóttir, starfsstúlka hjá þrjónastofunni Iðunni, Melabraut 14, Seltjarnarnesi, vann í Ásaklúbbnum frá 5. apríl til júníloka 1968. Vann hún þá 4 daga frá kl. 1500—2400 og átti svo frí næstu tvo daga. Laun á tímabilinu voru kr. 24.000.00. Á móti henni vann Erla Sigurgeirsdóttir. Ákærði var vinnuveitandi hennar, og var starfið fólgið í að selja fólk, sem í húsinu var, áfengi, tóbak, brauð og gosdrykki. Hún vinnur í Playboyklúbbnum aðfaranætur laugar- og sunnudaga, en stöku sinnum aðfaranótt mánudaga. Hún hefur kr. 150.00 á klst. og fær yfirleitt greitt eftir hverja nótt frá ákærða, en hann er vinnuveitandinn. Starf hennar er að afgreiða fólk, sem að barnum kemur og framvísar þar miðum. Afgreiðir hún fólkið með vín, tóbak, brauð og gosdrykki, sem það neytir á staðnum. Meiri hluti þeirra, sem koma, neyta vins. Eru þær tvær við barinn, þegar mest er, og hafa nóg að gera. Ákærði eða Sigmar útvega það, sem vantar, en yfirleitt eru um tvær vínlöskur af hverri tegund, talsvert af gosdrykkjum og eitthvað af tóbaksvörum til á barnum, þegar starfsemin hefst á nóttunni.

Hrafnhildur Halldórsdóttir framreiðslustúlka, Skúlagötu 58 hér í borg, hefur aðeins verið í fá skipti í vinnu í Playboyklúbbum, að hún telur aðeins eftir sérstakri beiðni ákærða. Hún hefur haft kr. 100.00 á klst., og vinnutíminn er óákveðinn, þannig að hún hefur hætt, áður en skemmtunin var á enda. Hún hefur unnið í eldhúsinu við að þvo upp glös og diska svo og að smyrja brauð.

Gunnar Ólafur Kvaran bankastarfsmaður, Hraunbæ 92 hér í borg, segir, að á starfstíma Playboyklúbbsins, sem hann hefur lýst á sama veg og aðrir, leiki hljómsveit hans. Hann hefur leikið öll kvöld, sem opið hefur verið. Launin eru kr. 1.500.00 á mann á kvöldi, eða kr. 6.000.00 á viku fyrir hvern, en með honum í hljómsveitinni eru Einar Hólm Ólafsson, Jón Garðar Elísson og Helga Sigbórsdóttir. Hefur Sigmar Björnsson séð um greiðslu til þeirra. Ákærði, Sigmar og Hermann, aðallega þó ákærði, báðu Gunnar Ólaf að sjá um hljómlist í Playboyklúbbum. Á tímabilinu eru tvö hlé, 15 og 20 mínútur, og fá þau þá brauð og gosdrykki ókeypis. Gunnar segir, að fólk hafi almennt vín um hönd í húsakynnum Playboyklúbbsins, en man ekki eftir neinum vandræðum vegna ölvunar einstakra manna. Vínið fær fólkið afgreitt við barinn gegn framvísun miða. Nefnir hann sama verð og sömu miðategundir og áður er fram komið. Hann hefur sjálfur fengið afgreitt vín. Almennt segir hann, að fólk sé þarna til þess að skemmta sér, dansa, drekka vín, spjalla saman, eða eins og á hverjum öðrum skemmtistað. Það eina, sem frábrugðið er, er, að spilað er á spil á örfáum borðum.

Einar Hólm Einarsson kennari, Kópavogsbraut 19, Kópavogi, hefur spilað í hljómsveit Gunnars Ólafs Kvarans. Í framburði hans hefur ekkert það komið fram, sem ekki er þegar komið fram í málinu. Sama er að segja um framburð Jóns Garðars Elíssonar hljóðfæraleikara, Bergstaðastræti 51 hér í borg.

Helga Sigbórsdóttir söngkona, Sogavegi 121 hér í borg, kveðst hafa sungið með hljómsveitinni frá opnun klúbbsins. Laun hennar eru þau sömu og hinna í hljómsveitinni og lýsing hennar á því, sem fram fer í klúbbum, á svipaðan veg og fram er komið.

Sigurður Hilmar Gíslason framreiðslumaður, Mosabarði 10 í Hafnarfirði, er meðlimur nr. 228 í Playboyklúbbum. Hann greiddi kr. 200.00 sem mánaðargjald og hefur komið tvisvar í klúbbin, dvaldist í fyrri skiptið til kl. ca. 0300 og síðara skiptið til kl. 0600. Í síðara skiptið, er hann kom þangað, var fullt hús, en hann treystir sér ekki til þess að nefna neina tölu um aðsóknina. Það, sem gerist í húsinu, er mjög áþekkt því, sem gerist

á venjulegum vínveitingahúsum í borginni. Fólk dansar, drekkur vín og rabbar saman. Víndrykkja virðist þó hófsamlegri en á almennum vínveitingastöðum. Ekki hefur hann séð nein vandræði vegna ofurölvunar fólks. Áfengi er afgreitt við barinn eða að borðum hvers og eins. Telur hann sig hafa séð einar 6 starfstúlkur, sem framreiddu, og auk þess tvo dyraverði og stúlku í fatageymslu.

Hrafnhildur Helgadóttir húsmóðir, Digranesvegi 89 í Kópavogi, fór með fleira fólki ásamt systur sinni frá Hótel Loftleiddum og í Playboyklúbbinn aðfaranótt 10. marz s.l. Ekki hafði hún neinn ákveðinn gestgjafa. Hún skrifaði í gestabók þarna Helga og Hrafnhildur Helgadætur. Hún tók eftir, að sumir neituðu að skrifa nafn sitt í gestabókina. Hún tók eftir dyraverði, afgreiðslustúlku í fatageymslu og stúlku, sem tæmdi öskubakka og hreinsaði til á borðum. Hún sneri baki í barinn og tók ekki sérstaklega eftir afgreiðslu þar. Nokkuð margt fólk var þarna og fór fjölgandi eftir því sem á leið. Var fullt á dansgólfinu. Hún var á staðnum frá kl. tæplega 0200 til tæplega 0300. Á tímabilinu var dansað eftir tónlist frá hljómsveit og söngkonu, sem voru á staðnum. Flestir höfðu glös fyrir framan sig, og flestir voru ölvaðir, en enginn þannig, að til vandræða væri. Einhver útvegaði henni vínglas og vildi ekki taka greiðslu fyrir.

Þorgrímur Einarsson sýningarstjóri, Nýlendugötu 15 A hér í borg, var í Playboyklúbbnum aðfaranótt 10. marz s.l. Hann var í fylgd Erlings Gíslasonar leikara, en þeir voru í boði annars manns. Hann taldi Jón hafa útvegað sér 3 spaðamiða. Fékk Þorgrímur afgreidda 3 tvöfalda Vodkaþjúska til sín, þar sem hann sat í danssalnum. Vínneyzla var mjög lík og á venjulegum vínveitingastað, en ekki ölvun til neinna vandræða. Þorgrímur er ekki meðlimur og hefur aðeins einu sinni komið í Playboyklúbbinn.

Magnús Sigurjón Ingimarsson hljómlistarmaður, Miðbraut 5, Seltjarnarnesi, Þrándur Thoroddsen, forstöðumaður, Grundargerði 35 hér í borg, Margrét Lára Þórðardóttir, Goðatúni 5 í Garðahreppi, og Brynjólfur Bjarkan, stud. oecon., Álfheimum 16 hér í borg, hafa komið fyrir dóminn, og eru framburðir þeirra um starfsemi Playboyklúbbsins á svipaðan veg og rakið hefur verið hér að framan.

Af því, sem rakið hefur verið hér að framan, telst sannað með játningu ákærða sjálfs, sem er í samræmi við framburði fjölmargra meðlima og gesta Ásaklúbbsins og Playboyklúbbsins svo

og starfsfólks, að starfsemi sú, sem lýst er í ákæru, hafi farið fram, eins og þar er lýst.

Kemur þá til að meta, hvort brotið hafi verið gegn þeim lagaákvæðum, sem í ákæru greinir, svo og hvort ákærði sé ábyrgur fyrir þeirri háttsemi.

Svo sem fram hefur komið, er ákærði leigutaki húsnæðis klúbbanna og framleigusali þess til þeirra. Hann er klúbbstjóri í þeim báðum og á launum hjá þeim báðum. Hann hefur sjálfur ráðið starfslið þeirra og séð um rekstur þeirra. Til hans renna húsaleigutekjur af húsnæði þeirra, og hann hefur sjálfur viðurkennt, að hann hafi af því aðalatvinnu og atvinnutekjur að reka þá. Hann hefur sjálfur séð um innkaup á áfengi til sölu í húsa-kynnum klúbbanna, og í stuttu máli verður eigi annað séð en að rekstur þeirra sé að verulegu leyti einkafyrirtæki hans, en hann hefur með allar fjárreiður að gera. Þá er ekki annað séð en hann einn hafi notið hagnaðarins af rekstri þeirra.

Eins og rakið hefur verið, er sannað með játningu ákærða sjálfs og öðrum framburðum, að í húsa-kynnum Ásaklúbbsins og Playboyklúbbsins hefur farið fram sala á áfengi, gosdrykkjum, smurðu brauði, tóbaki og kaffi til fjölmargra meðlima og gesta klúbbsins, sem neyttu veitinganna í klúbbum, en hinn síðarnefndi var opin allt til kl. 0600 að morgni, hinn fyrrnefndi aðallega fyrir spilamennsku og áfengisneyzlu meðlima og hinn síðarnefndi fyrir dans og drykkju. Hinn fyrrnefndi hefur verið opin frá því í aprílbyrjun 1968, en hinn síðarnefndi frá því aðfaranótt 1. marz s.l. þar til 24. apríl s.l. Af lýsingu starfseminnar, sem rakin hefur verið, má ráða, að hér hafi verið um að ræða veitinga- og skemmtistarfsemi í svipuðu formi og í veitingahúsum borgarinnar. Til greindrar starfsemi hafði ákærði ekki leyfi yfirvalda. Hann hélt ekkert bókhald, svo að sannað sé, og greiddi enga skatta af starfseminni.

Við rekstur Ásaklúbbsins hafði ákærði í þjónustu sinni allt að 3 manna starfsliði hverju sinni, sem allt var á launum. Við rekstur Playboyklúbbsins hafði ákærði í þjónustu sinni allt að 11 manna starfsliði hverju sinni og auk þess hljómsveit þriggja manna og söngkonu, sem allt þáði laun fyrir störf sín.

Af framburði ákærða er ljóst, að hann hefur haft atvinnu af rekstri klúbbanna og þar með sölu áfengis og annarra veitinga. Tekjur af starfseminni hafa samkvæmt framburði hans nægt til að greiða honum sjálfum persónulega í húsaleigu vegna Ása-

klúbbsins um kr. 30.000.00 á mánuði og vegna Playboyklúbbsins um kr. 50.000.00 á mánuði svo og laun sem klúbbstjóra, sem á árinu 1968 námu frá aprílbyrjun til ársloka kr. 180.000.00. Er af framansögðu ljóst, að ákærði hefur haft verulegan hagnað af starfsemi klúbbanna, en ekki er unnt að sannreyna, hver hagnaður hans hafi verið.

Telst ákærði því hafa brotið gegn 18. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 20. gr. og 43. gr. sömu laga, að því er snertir áfengissölu í atvinnuskyni, gegn 1. mgr. 3. gr., sbr. 27. gr. laga um veitingasölu og gistingu o. fl. nr. 53/1963, að því er snertir aðra veitingasölu, auglýsingum nr. 11 og 17/1948 um slit á skemmtunum og samkomum, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1947 um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, að því er snertir lokunartíma skemmtistaðarins, og 7. gr., sbr. 3. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 45/1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, sbr. einnig 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um sölu og veitingar áfengis nr. 118/1954, að því er snertir það að hafa opið um páskahelgi og selja þá áfengi.

Krafa ákæruvaldsins um upptöku er tvíþætt: a) Krafa um upptöku á áfengi því, sem ákærði hafði útvegað sér til áframhaldandi áfengissölu og lagt var hald á við húsleit í húsakynnum ákærða aðfaranótt fimmtudagsins 3. apríl s.l. og aðfaranótt fimmtudagsins 24. apríl s.l., samtals 77 flöskum ýmissa tegunda, þar af 19 áteknum, skjölum, reikningum, afgreiðslumerkjum og öðrum gögnum, þ. á m. rennslistöppum og vínmælum viðvíkjandi veitingastarfseminni og sem ákærði hafði notað við hana. b) Krafa um upptöku ávinnings af framangreindri áfengissölu og veitingastarfsemi ákærða.

a) Samkvæmt 1. tl. 69. gr. hegningarlaga má gera upptæka „hluti, sem orðið hafa til við misgerning eða hafðir hafa verið til að drýgja brot með“. Ljóst er, að greint áfengi hefur ekki orðið til við misgerning, og ekki hefur verið drýgt brot með því, fyrr en það hefur verið selt, enda þótt fyrir liggi, að það hafi verið ætlað til sölu. Verður eigi fallizt á kröfu ákæruvaldsins, að því er varðar upptöku á greindu áfengi, enda er eigi lagaheimild til þess. Að því er snertir skjöl, reikninga og gögn varðandi starfsemi Ása- og Playboyklúbba er á það að líta, að enda þótt veitingastarfsemi klúbbanna sé ólögleg, þá er ekki hægt að fallast á, að greind plögg hafi orðið til við misgerning eða að drýgt hafi verið brot með þeim, en hald var lagt á þau vegna

rannsóknar málsins. Er upptaka þeirra óþörf og hefur ekki stoð í lögum. Verður því eigi fallizt á að gera þau upptæk.

Lagt var hald á notaða afgreiðslumiða fyrir áfengi og öðrum veitingum við áðurgreindar húsleitir. Notkun þeirra er liður í hinni ólöglegu veitingasölu, og ber að gera þá upptæka svo og rennslistappa og vínmæli, sem hald var lagt á og telja má sannað, að hafi verið notaðir við áfengissöluna.

b) Krafizt er upptöku ávinnings, sem ákærði hafi haft af brotum sínum. Ekki er tilgreind fjárhæð, enda hefur rannsókn málsins eigi leitt í ljós, hver ávinningur hafi orðið af hinni ólöglegu starfsemi. Fullnægir ákæran að þessu leyti eigi ákvæðum 115. gr. laga nr. 82/1961, og ber því að vísa kröfunni frá.

Við ákvörðun refsingar þykir bera að hafa í huga, að telja má sannað, að ákærði hafi haft verulegan hagnað af broti sínu.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, og komi henni til frádráttar seta hans í gæzluvarðhaldi í 6 daga. Þá greiði ákærði kr. 60.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar fangelsi í 60 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að gera upptæka til handa ríkissjóði þá rennslistappa og vínmæli, sem hald var lagt á í húsakynnum Ása- og Playboyklúbba 3. og 24. apríl 1969 svo og notaða afgreiðslumiða fyrir veitingum, sem hald var lagt á við sama tækifæri.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 10.000.00, til skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Hreiðar Svavarsson, sæti fangelsi 45 daga og greiði kr. 60.000.00 í sekt til ríkissjóðs, en sæti fangelsi 60 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða kemur seta hans í gæzluvarðhaldi í 6 daga.

Upptækir skulu vera til handa ríkissjóði þeir rennslistappar og vínmælir, sem hald var lagt á í húsakynnum Ása- og Playboyklúbba 3. og 24. apríl 1969, svo og notaðir afgreiðslumiðar fyrir veitingum, sem hald var lagt á við sömu tækifæri.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-
arlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttar-
lögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1969.

Nr. 154/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Einarssyni

(Áki Jakobsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigur-
jónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guð-
mundsson yfirborgardómari.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Arnar G. Hinriksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir áfrýjun málsins hafa lögreglumenn þeir, sem fóru með mál ákærða, komið fyrir dóm. Er vætti þeirra, sem þeir hafa heitfest, í samræmi við atvikalýsingu héraðsdóms. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Gunnar Einarsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr.